

Skuggakosningar í framhaldsskólum
9. september 2021



Handbók um framkvæmd skuggakosninga
Fyrir framhaldsskóla

Leiðbeiningar og hagnýtar upplýsingar fyrir kjörstjórnir og aðra sem skipuleggja og framkvæma skuggakosningar

Vegna heimsfaraldurs Covid-19 er biðlað til kjörstjórna að gæta sérstaklega að sóttvörnum og þeim takmörkunum sem gilda í samfélaginu á meðan á lýðræðisviku og skuggakosningum stendur.



Unnið af Landssambandi ungmennafélaga &
Sambandi íslenskra framhaldsskólanema

EFNISYFIRLIT

UM HANDBÓKINA	1
1. Skipun kjörstjórna	2
2. Undirbúningur	2
2.1. Kjörstaður	2
2.2. Auglýsing	2
2.3. Kjörgögn	3
2.3.1. Kjörskrá	3
2.3.2. Kjörgögn af vefnum	3
2.3.3. Kjörgögn frá landskjörstjórn	3
2.4. Annað mikilvægt	4
3. Kjördagur	4
3.1. Uppstilling kjördeildar á kjörstað	4
3.2. Kjörfundur	5
3.3. Skilríki	6
3.4. Kosningaspjöll	6
3.5. Aðstoð við kosningu	7
4. Uppgjör	7

UM HANDBÓKINA

Handbók þessi er hugsuð sem leiðarvísir fyrir kjörstjórnir¹ skuggakosninga í framhaldsskólum árið 2021. Mikilvægt er að fylgja öllum skrefum handbókarinnar við undirbúning og framkvæmd kosninga. Athugið að í handbókinni er vitnað í kjörbók² og kosningalög um skuggakosningar og því mikilvægt að hafa þau gögn til hliðsjónar.

Ef upp koma vandamál má hafa samband við skrifstofu landskjörstjórnar³ í Hinu húsinu. Hægt er að senda tölvupóst á egkys@neminn.is eða hringja í síma 561-1100.

¹ Kjörstjórn heldur utan um skuggakosningarnar í skólanum þínum.

² Kjörbók er notuð af kjörstjórn til að skrá þátttöku og athugasemdir.

³ Landskjörstjórn heldur utan um skuggakosningar í öllum framhaldsskólum.

1. Skipun kjörstjórna

Þegar skólastjórnendur hafa skráð skólann til þátttöku í skuggakosningum skal skipa sjö fulltrúa í kjörstjórn sem fyrst, en eigi síðar en 3. september. Kjörstjórn skal skipuð einum kennara, fjórum nemendum og tveim til vara. **Kjörstjórn** skal skipuð með eftirfarandi hætti:

1. Skólastjóri eða staðgengill hans skipar kennara í kjörstjórn. Skal þeim upplýsingum komið til nemendaráðs eða til þess hóps nemenda sem verkefnið er falið af skólastjórn.
2. Hver sá sem á sæti í nemendaráði eða undirráðum þess getur gefið kost á sér í kjörstjórn. Einnig geta skólastjórnendur/staðgenglar þeirra skipað einstaka nemendur í kjörstjórn.
3. Verði þeir ekki skipaðir eða sjálfkjörnir er kosið á milli þeirra sem bjóða sig fram í leynilegri atkvæðagreiðslu.
4. Þegar kjörstjórn hefur verið fullskipuð kýs hún sér oddvita. Viðkomandi er tengiliður skólans við landskjörstjórn og skal senda tölvupóst á egkys@neminn.is með upplýsingum um nafn skóla og oddvita ásamt símanúmeri viðkomandi um leið og hann hefur verið skipaður.

Kjörstjórn er bundin þagnarskyldu - óski kjóсандi t.d. eftir aðstoð (sjá kafla 3.6).

2. Undirbúningur

2.1. Kjörstaður

Í samráði við skólastjórnendur eða staðgengla þeirra þarf kjörstjórn að velja staðsetningu kjörstaðar. Veljið stað sem er aðgengilegur til að tryggja góða þátttöku t.d. matsal eða við inngang skólans.

2.2. Auglýsing

Eftir að kjörstjórn hefur komið sér saman um staðsetingu skal hún auglýsa skuggakosningarnar í síðasta lagi 6. september (við upphaf lýðræðisvikunnar). Kjördagur skal haldinn í öllum skólum sem skráðir eru til þátttöku, fimmtudaginn **9. september**. Taka skal fram í auglýsingunni hvar kjörstaður verður, hvaða nemendur hafa kosningarétt og að kjósendur þurfi að hafa persónuskilríki meðferðis á kjörstað. Upplýsa þarf nemendur um að kosið verði í því kjördæmi sem skólinn er staðsettur í.

Gott getur verið að senda út tölvupóst, senda sms, fá birta auglýsingu á tilkynningarskjá skólans, nota samfélagsmiðla og jafnvel ganga í kennslustofur til að tryggja góða þátttöku.

2.3. Kjörgögn

2.3.1. Kjörskrá

Því næst skal kjörstjórn undirbúa kjörskrá⁴, skal það gert með góðum fyrirvara. Gerð kjörskráa fer þannig fram:

1. Kjörstjórn fær nemendalista í samræmi við 1. gr. kosningalaga, með nöfnum og kennitölum afhenda frá skólastjórnendum/staðgenglum þeirra.
2. Nemendalistarnir innihalda persónuupplýsingar um nemendur. Því er mikilvægt að þær séu virtar, eingöngu notaðar fyrir kosningarnar og að þeim sé haldið innan kjörstjórna.
3. Prenta skal út tvö eintök fyrir hverja kjörstjórn.

2.3.2. Kjörgögn af vefnum

Á vefnum egkys.is, undir „skuggakosningar“ og neðst um „framkvæmd skuggakosninga“ er að finna kosningaleiðbeiningar, kosningalög og kjörbók sem prenta skal út.

2.3.3. Kjörgögn frá landskjörstjórn

Kjörstjórn fær send önnur kjörgögn frá landskjörstjórn. Oddviti⁵ kjörstjórnar er tengiliður skólans við landskjörstjórn og því er mikilvægt að hann sendi tölvupóst á egkys@neminn.is með upplýsingum um hvernig hægt sé að ná í hann um leið og hann hefur verið skipaður. Landskjörstjórn hefur þá samband við oddvita til að koma kjörgögnum áleiðis til viðkomandi skóla og í réttar hendur. Kjörgögn frá landskjörstjórn eiga að innihalda:

1. Kjörseðla;
2. Tvö umslög fyrir ónýtta og ógilda seðla;
3. Kjörkassa;
4. Blýanta;
5. Yddara;
6. Innsigli;
7. Framboðslista fær oddviti kjörstjórnar sendann með tölvupósti.

⁴ Kjörskrá er listi yfir þá sem geta kosið.

⁵ Oddviti er formaður kjörstjórnar og tengiliður við landskjörstjórn.

2.4. Annað mikilvægt

Gott er ef kjörstjórnir geta aðgreint sig eða merkt á einhvern hátt, t.d. með bolum merktum skólanum, nafnspjöldum eða öðru. Það hjálpar kjósendum að vita hvert á að leita aðstoðar.

Landskjörstjórn óskar eftir því að kjörstjórnir skipi ljósmyndara til að taka myndir á kjördag og senda á egkys@neminn.is.

Kjörstjórnir eru hvattar til að birta myndir af undirbúningi og framkvæmd skuggakosninga og nota #ÉgKýs og jafnfram hvetja nemendur til að nota það í lýðræðisvikunni - í von um að myllumerkið dreifist sem víðast á samfélagsmiðlum. Landskjörstjórn hvetur nemendur til að taka þátt í umræðum á samfélagsmiðlum í aðdraganda kosninga með notkun #ÉgKýs.

Athugið: Til þess að verja réttindi kjósenda til leynilegrar atkvæðagreiðslu er kjósendum ekki heimilt að tala í símann né taka myndir inni í kjördeild⁶. Ef aðrir sjá hvernig kjósandi kýs er atkvæðaseðillinn ónýtur og má ekki fara í kjörkassann.

3. Kjördagur

3.1. Uppstilling kjördeildar á kjörstað

Kjörstjórn ber ábyrgð á að kjördeild sé tilbúin áður en kjörfundur⁷ hefst. Uppstillingin fer eftir kjörstaðnum. Gott er að hafa í huga að:

1. Koma þarf fyrir þremur borðum og stólum fyrir kjörstjórn til að mynda kjördeild (þar sem kjörstjórn veitir kjósendum kjörseðil).
2. Huga þarf að hvar kjósendur geta myndað röð án þess að trufla atkvæðagreiðsluna.
3. Gera skal ráð fyrir rými þar sem að kjósendur geti kosið leynilega við borð. Hægt er að notast t.d. við skilrúm eða koma fyrir aðskildum borðum.
4. Hafið kjörkassann á góðum stað í augsýn kjörstjórnar og á áberandi stað fyrir kjósendur - þannig að þeir geti sett atkvæðið sitt í kassann og auðveldlega yfirgefið kjörstað að því loknu.
5. Að lokum hengir kjörstjórn á áberandi stað við á kjörstað; kosningaleiðbeiningar og framboðslista.

⁶ Kjördeild er sá staður þar sem kosið er.

⁷ Kjörfundur er sá tími sem kosið er, frá upphafi kosningar og þar til henni lýkur.

3.2. Kjölfundur

Kjörstjórn skal hittast áður en kjölfundur hefst og fara yfir ýmis atriði varðandi kjördaginn. Kjörstjórn ganga úr skugga um að allt sé tilbúið fyrir kjölfund og að allir viti hvert þeirra hlutverk er.

Tiltæk kjörgögn skulu vera:

1. Tvö eintök af kjörskrá.
2. Eintak af kosningalögum.
3. Eintak af kjörbók.
4. Eintak af kosningaleiðbeiningum.
5. Tómur kjörkassi.
6. Kjörseðlar.
7. Tvö umslög.
8. 12 yddaðir blýantar.

Fyrirkomulag kjördeildar:

1. Oddviti situr í miðjunni með kjörbók, kosningalög, kjörseðla, umslög og blýant.
2. Tveir kjörstjórnarfulltrúar sitja sitthvoru megin við oddvita, hvor með eitt eintak af kjörskránni og blýant.
3. Einn kjörstjórnarfulltrúi stýrir kjósendunum sem mynda röð að kjördeildinni og bendir þeim á að vera með persónuskilríki tilbúin. Hann fylgist jafnframt með kjósendum setja kjörseðlana í kjörkassann og leysir aðra kjörstjórnarfulltrúa af eftir þörfum.

Kosningaferlið:

1. Kjósendur mynda röð að kjördeildinni.
2. Kjósandi gengur að borði kjörstjórnar og réttir oddvita persónuskilríki.
3. Kjörstjórnarfulltrúi finnur nafn kjóсандans í kjörskrá og merkir X við það.
4. Þegar kjörstjórnarfulltrúi hefur merkt X við kjósenda, réttir oddviti honum einn kjörseðil, gefur leiðbeiningar um hvernig kjósa skuli svo kjörseðill sé gildur (sjá 25. gr. kosningalaganna) og strikar í prikblað⁸ kjörbókar.
5. Kjósandi kys leynilega við borð, brýtur atkvæðaseðilinn þannig að prentaða hliðin snúi inn, setur kjörseðilinn í kassann og yfirgefur kjörstað..

⁸ Prikblað er í kjörbók og er notað af oddvita til að halda skrá yfir hversu margir hafa kosið.

Notkun prikblaðs:

1. Merkja skal eitt strik í dálk fyrir hvern kjörseðil sem oddviti gefur frá sér, þar til að fimm strik eru komin og færa sig síðan í næsta dálk o.s.frv. (sjá leiðbeiningar í kjörbók).
2. Á klukkutíma fresti eru er fjöldi prika borin saman við fjölda kjósenda sem búið er að merkja við í kjörskrá.
3. Kjörstjórnarfulltrúar fylgjast með og tryggja að oddviti merki við prikblað í hvert sinn sem hann afhendir kjörseðil.
4. Kjörseðlar eru taldir 10 saman í bunkum. Í hvert sinn sem bunki klárast skal það stemma við fjölda prika á prikblaði og þeirra sem búið er að merkja við í kjörskrá.

Önnur mikilvæg atriði:

1. Farsíma og myndavélanotkun; Kjósendur eru hvattir til að taka þátt í #ÉgKýs umræðunni, en símanotkun óleyfileg á meðan kosið er og óheimilt er að taka myndir af kjósendum merkja við atkvæðaseðilinn - til að verja réttindi til leynilegrar atkvæðagreiðslu.
2. Hvernig bregðast á við ef kjósandi getur ekki gert grein fyrir sér með persónuskilríkjum (sjá kafla 3.4. í þessari handbók).
3. Hafa eftirlit með og bregðast við ef á kjörstað eða í næsta nágrenni hans fer fram kosningaáróður, kosningaspjöll eða önnur starfsemi sem truflar eða hindrar kosningaferlið (sjá kafla 3.5. í þessari handbók).
4. Hvað ber að gera ef kjósandi þarf aðstoð við kosningu? (sjá kafla 3.6. í þessari handbók).
5. **Mikilvægt er að kjörstjórn fylli út allt í kjörbók.**
6. Gæta skal að alltaf séu fjórir í kjördeildinni og varamenn leysa af eftir þörfum.
7. Fyllist kjörkassi áður en kosningu lýkur skal kjörstjórn innsigla þann kjörkassa (eins og lýst er í lið 3 í kafla 4 hér að neðan) og varðveita. Gæta verður þess að kjörkassinn fari aldrei úr augnsýn kjörstjórnar.

3.3. Skilríki

Kjósandi gerir kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa skilríkjum. Debetkort, nemendaskírteini, rafræn skilríki og önnur skilríki með mynd og kennitölu teljast fullgild skilríki í skuggakosningum.

Sé kjósandi ekki með skilríki skal fá annan kjósenda (sem hefur persónuskilríki meðferðis) til að votta að kjósandi sé sá sem hann segist vera (t.d. vinur eða samnemandi sem þekkir hann með nafni). Sé sú leið farin skal fylla út viðeigandi vottorðseyðublað í viðauka kjörbókar.

3.4. Kosningaspjöll

Ýmislegt getur komið upp á kjördag sem fellur undir kosningaspjöll. Kjósandi getur gert tilraun til að yfirgefa kjörstað án þess að skila kjörseðli, sýnilegur kosningaáróður á kjörstað eða í næsta nágrenni, kjósandi getur reynt að hafa áhrif á framkvæmd kjörfundarins og svo framvegis.

Kjörstjórn skal samstundis stöðva allt sem fellur undir kosningaspjöll. Ef upp koma aðstæður sem kjörstjórn treystir sér ekki til að bregðast við skal hún leita til skólastjórnenda og skulu þeir ákveða hvernig skal tekið á málinu. Ef slíkt atvik kemur upp, sem talið er geta haft áhrif á niðurstöður kosninganna skal oddviti kjörstjórnar tilkynna það til landskjörstjórnar í síma 561- 1100.

3.5. Aðstoð við kosningu

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því að hann sé ekki fær um að kjósa **vegna sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf** á hann rétt á aðstoð og skal það skráð í kjörbók. Ef kjósandi uppfyllir ofangreind skilyrði og óskar eftir aðstoð við kosningu á hann val um tvennt:

1. Kjósandi getur sjálfur valið einn úr kjörstjórninni sér til aðstoðar og er sá bundinn þagnareið um það sem fer þeim á milli. **Kjörstjórnarfulltrúi skal ekki sjálfur bjóða fram aðstoð sína.** Aðstoð skal aðeins veita ef kjósandi óskar eftir henni.
2. Kjósandi getur óskað eftir að fulltrúi sem hann hefur valið sjálfur aðstoði hann við að greiða atkvæði. Þá verður fulltrúi kjósandans að víkja frá á meðan kjósandinn tjáir ósk sína við kjörstjórn.
3. Hver og einn má aðeins aðstoða einn kjósanda.

4. Uppgjör

Kjörstjórn er einungis heimilt að slíta atkvæðagreiðslu fyrir kl. 16:00, ef allir á kjörskrá hafa greitt atkvæði. Annars skal kjörfundi slitið kl.16.00, en kjósendur sem ennþá bíða í röð og mættu á kjörstað fyrir 16:00 hafa rétt á að greiða atkvæði. Meti kjörstjórn svo að kjörsókn hafi ekki verið nægileg eða ef langar biðraðir eru fyrir framan kjördeild, hefur hún heimild til að framlengja kjörfund til kl.17.00.

Þegar kjörfundi er slitið skal ganga frá kjördeildinni þannig:

1. Ljúka skal við að fylla út kjörbók og ganga úr skugga um að allar tölur séu réttar.

Skuggakosningar 2021

2. Kjörstjórn staðfestir með undirskrift sinni og dagsetningu að uppgjörið sé rétt áður en kjörbók er sett í kjörkassann.
3. Þá er sett innsigli yfir kjörseðlaraufina á kjörkassanum þannig að ekki sé hægt að opna kassann (hvorki ná gögnum úr né troða í) án þess að fjarlægja innsiglið.
4. Gengið er frá ónýtum og ónýttum seðlum í sérmerkt umslög sem skal lokað vandlega og sett í poka.
5. Fara skal með kjörskrár til skólastjórnenda sem eyða þeim.

Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum (kjörkassa og pokum) skal hafa eftirlit með þeim og halda frá óviðkomandi aðilum. Gögnunum er síðan komið fyrir í læstri geymslu eða kennslustofu.

Oddviti kjörstjórnar ber ábyrgð á að kjörgögnum sé komið til landskjörstjórnar svo fljótt sem auðið er en eigi síðar en mánudaginn 13. september. Oddvitar fá tölvupóst frá landskjörstjórn um hvernig gögnin skulu send/sótt.

Þegar oddviti hefur sent gögnin eða landskjörstjórn sótt þau (á höfuðborgarsvæðinu) er hlutverki kjörstjórnar lokið.

Framlag ykkar skóla í að efla kosningaþátttöku og lýðræðisvitund ungs fólks er ómetanlegt. Fyrir hönd Landssamband ungmennafélaga (LUF) og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) þakkar landskjörstjórn þér/ykkur fyrir þátttökuna.

Landskjörstjórn,

Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri SÍF
Júlíus Viggó Ólafsson, forseti SÍF
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. forseti LUF
Steinunn Ása Sigurðardóttir, lýðræðisfulltrúi LUF
Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LUF

Niðurstöður verða birtar á egkys.is þann 25. september.